

LÖG

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „örorkulífeyris“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: aldurstengdrar örorkuuppbótar.

2. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Aldurstengd örorkuuppbot.

Aldurstengd örorkuuppbot greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr. eða fullan örorkulífeyri skv. 29. gr. Aldurstengd örorkuuppbot greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Um uppbotina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. másl. 4. mgr., 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr. um skerðingu vegna tekna að öðru leyti en því að skerðing aldurstengdrar örorkuuppbotar hefst ef tekjur eru hærrí en 2.514.788 kr. á ári. Fjárhæð uppbotar, sbr. 2. mgr., miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Fjárhæð mánaðarlegrar aldurstengdrar örorkuuppbotar, sbr. 1. mgr., skal vera hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 12. gr. og miðast við fæðingardag, sbr. eftirfarandi:

18 og 19 ára	100%
20 og 21 árs	95%
22 og 23 ára	90%
24 og 25 ára	85%
26 og 27 ára	80%
28 og 29 ára	70%
30 og 31 árs	60%
32 og 33 ára	50%
34 og 35 ára	40%
36 og 37 ára	30%
38 og 39 ára	20%
40 til og með 43 ára	10%
44 til og með 48 ára	5%
49 til og með 59 ára	2,5%
60 til og með 66 ára	1,5%

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og gilda um umsóknir eftir þann tíma.

Þeir sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr., fullan örorkulífeyri skv. 29. gr. og endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð við gildistöku laganna eiga rétt á aldurstengdri örorkuuppbót án sérstakrar umsóknar og að öðrum skilyrðum uppfylltum. Miðast fjárhæð uppbótar við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.